

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 22. janúar kl. 09:12, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 805. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Helena Stefánsdóttir og Vigdís Þóra Sigfúsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Björn Ingi Edvardsson, Ólafur Melsted, Sólveig Sigurðardóttir, Haukur Hafliði Nínuson, Hildur Gunnarsdóttir, Lilja Grétarsdóttir og Birkir Ingibjartsson.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- 1. Arnarnesvegur, vegamót við Breiðholtsbraut** (04.9) Mál nr. SN210043
Skjalnr. 5435
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 15. janúar 2021 þar sem erindi Vegagerðarinnar dags. 16. desember 2020 varðandi Arnarnesveg og vegamót við Breiðholtsbraut er sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
- 2. Jöfursbás 5 og 7, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN200658
Skjalnr. 14333
Helgi Mar Hallgrímsson, Laugavegur 46, 105 Reykjavík
Jöfursbás 7 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 21. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Gufuness, áfangi 1, vegna lóðanna nr. 5 og 7 við Jöfursbás. Í breytingunni felst að lóðir stækka, byggingarmagn eykst, hámarksfjöldi íbúða verður skilgreindur, stærðir svalaganga og lágmarks salarhæð verði ekki takmörkuð umfram kvaðir byggingarreglugerðar, fallið verður frá skilmálum um að efstu hæðir þurfi að vera innndregnar og þess í stað verður heimilt að hafa húsin stölluð og að heimilt verði að svalir og útskot nái 2 m út fyrir byggingarreit nema að götu, samkvæmt uppdr. Arkþing/Nordic ehf. dags. 19. október 2020. Einnig er lagt fram samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða dags. 18. og 30. september 2020. Tillagan var auglýst frá 2. desember 2020 til og með 18. janúar 2021. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 18. janúar 2021.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
- 3. Laugavegur sem göngugata, nýtt deiliskipulag** (01.1) Mál nr. SN200577
Skjalnr. 6554
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að nýju deiliskipulagi fyrir Laugavegin sem göngugötu, 2. áfanga, sem er í samræmi við samþykkt Borgarstjórnar Reykjavíkur frá 4. september 2018. Í tillögunni felst að hluti Laugavegs og Vatnsstígs verða gerðar að varanlegum göngugötum og samhliða því er unnið að hönnun ýmissa lausna til að bæta götuna og umhverfið. Gert er ráð fyrir að endurnýja allt yfirborð, hellur, gróður, götugögn og

lýsingu, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 16. september 2020. Tillagan var auglýst frá 30. október 2020 til og með 11. desember 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Félag atvinnurekenda dags. 16. nóvember 2020, Lárus Þór Jónsson og Lilja Björk Jónsdóttir dags. 9. desember 2020, Lárus Þór Jónsson og Lilja Björk Jónsdóttir f.h. Lali ehf. dags. 9. nóvember 2020, Miðbæjarfélagið í Reykjavík dags. 10. desember 2020, Veitur dags. 10. desember 2020 og Björn Jón Bragason f.h. Ásgeirs Bolla Kristinssonar dags. 11. desember 2020. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 14. janúar 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. desember 2020 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- samgönguráðs.

4. **Suður Mjódd, breyting á deiliskipulag** (04.91) Mál nr. SN200543
Skjalnr. 8101
- Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar er varðar lóðina Álfabakka 4 sem felst í að skipta henni í tvær lóðir sem fengu þá heitin Álfabakki 4 og 6, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Storð, dags. 5. nóvember 2020. Breytingin er tilkomin vegna viljrðis um lóðarúthlutun fyrir starfsemi Garðheima í Breiðholti sbr. samþykki Borgarráðs í júní 2020. Einnig er lögð fram umsögn samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 16. október 2020. Tillagan var auglýst frá 2. desember 2020 til og með 18. janúar 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. Veitur dags. 21. janúar 2021.
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
5. **Súðarvogur 2, Kuggavogur 26 - 5-6 hæða fjölbýlishús** (14.521.01) Mál nr. BN057990
Skjalnr. 8793
- Vogabyggð ehf., Pósthólf 8787, 108 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja sex hæða fjölbýlishús með 16 íbúðum, fjórum atvinnurýmum og bílgeymslu fyrir 15 bíla sem verður Kuggavogur 26 á lóð nr. 2 við Súðarvog. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
- Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. ágúst 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2020. Erindi fylgir einnig greinargerð aðalhönnuðar, brunahönnun frá Brunahönnun slf., dags. 21. júlí 2020 og hljóðvistarskýrsla frá Hljóðtæknilausnir dags. 25. júní 2020. Stærð mhl. 01, A-rými: 2.385,7 ferm., B-rými: 100,2 ferm. Samtals: 2.485,9 ferm., 8.417,7 rúmm. Gjald kr. 11.200
- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*
6. **Súðarvogur 9, Fjölbýlishús** (14.530.03) Mál nr. BN058643
Skjalnr. 11920
- SV 9-11 ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. desember 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt fjögurra hæða fjölbýlishús með 30 íbúðum á bílakjallara sem er sameiginlegur með húsi nr. 11, á lóð nr. 9 við Súðarvog. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
- Stærð: 4.265,8 ferm., 13.826,3 rúmm. Gjald kr. 11.200
- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*

7. **Súðarvogur 11, Fjölbýlishús** (14.530.04) Mál nr. BN058644
Skjalnr. 14386
SV 9-11 ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. desember 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt fjögurra hæða fjölbýlishús með 16 íbúðum, einangrað og klætt að utan, á bílajakjallara sem er sameiginlegur húsi nr. 9 á lóð nr. 11 við Súðarvog. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Stærð, A-rými: 2.376,3 ferm., 7.881 ferm. B-rými: 34,7 ferm. Samtals: 2.411 ferm., xx rúmm. Gjald kr. 11.200
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
8. **Teigahverfi, breyting á deiliskipulagi vegna Sigtúns 42** (01.360) Mál nr. SN200258
Skjalnr. 7911
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 28. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis. Í breytingunni felst að hluti af malarsvæði á milli núv. gangstéttar og nyrðri lóðarmarka Sigtúns 42 verði breytt í grenndarstöð. Til að tryggja aðgengi losunarbíls er gert ráð fyrir að 3 bílastæði við hana verði fjarlægð og því fækki bílastæðum úr u.þ.b. 9 í 6, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 28. apríl 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. september 2020 til og með 19. október 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Lilja Þorgeirsdóttir, Gerður Guðjónsdóttir og Auður Inga Þorsteinsdóttir f.h. eigenda að Sigtúni 42 dags. 15. október 2020, Ólafur Örn Ólafsson og Þórunn Margrét Gunnarsdóttir dags. 18. október 2020, Kristinn Einarsson dags. 19. október 2020, Hákon Þór Sindrason, dags. 19. október 2020 og Guðrún Einarsdóttir dags. 19. október 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. október 2020 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
9. **Blesugróf 30 og 32, breyting á deiliskipulagi** (01.885.3) Mál nr. SN200595
Skjalnr. 13691
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 30. október 2020 að breytingu á deiliskipulagi Blesugrófar vegna lóðanna nr. 30 og 32 við Blesugróf. Í breytingunni felst að breytt er texta í skilmálum varðandi byggingarmagn og þar af leiðandi breytt nýtingarhlutfall. Ástæða breytingarinnar er uppgefið byggingarmagn í lóðarleigusamningi. Tillagan var auglýst frá 24. nóvember 2020 til og með 7. janúar 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Cicero lögmannsstofa f.h. Dagbjarts H. Guðmundssonar dags. 12. nóvember 2020, 14 íbúar að Blesugróf dags. 6. janúar 2020 og Dagbjartur H. Guðmundsson f.h. Sýrfells ehf. dags. 7. janúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. janúar 2021 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
10. **Langagerði 22, Nýir kvistir og svalir** (01.832.011) Mál nr. BN056643
Skjalnr. 14106
Guðrún Hauksdóttir, Langagerði 22, 108 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að bæta við tveimur kvistum á norður- og suðurhlið ásamt svölum og stiga niður í garð á 1. hæð í fjöleignarhúsi á lóð nr. 22 við Langagerði. Erindi var grenndarkynnt frá 3. nóvember 2020 til og með 1. desember 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Kristján Brynjar Bjarnason og Björg Valgeirsdóttir dags. 1. desember 2020. Erindinu var vísað til

umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. desember 2020 og er nú lagt fram að nýju.

Erindi fylgir afrit af eldri teikningum samþykktum 27. nóvember 1980 og fyrirspurnarteikningum dags. 24. apríl 2019. umboð eigenda íbúðar 01-0101 dags. 23. september 2019 og samþykki meðlóðarhafa áritað á A3 afrit af teikningum A-100 - A-101 dagsettum 3. september 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. október 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. september 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. september 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. september 2020. Stækkun: 1.8 ferm., 9.1 rúmm. Gjald kr. 11.200

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

11. **Álfsnes, ósk um umsögn vegna endurnýjunar** (36.2) Mál nr. SN200164
Skjalnr. 10252
starfsleyfis
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. nóvember 2020 var lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 3. nóvember 2020 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna endurnýjunar á starfsleyfi fyrir skotvöll félagsins í Álfsnesi. Óskað er eftir umsögn um hvort starfsemin samræmist skipulagi og hvort fyrirhugaðar séu breytingar á skipulagi sem gætu komið í veg fyrir endurnýjun starfsleyfis í 12 ár. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. janúar 2021, samþykkt.

12. **Fossháls 13-15, (fsp) fiskvinnsla** (04.304.5) Mál nr. SN210008
Skjalnr. 11276
Fiskikóngurinn ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær
K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. janúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 5. janúar 2021 um að reka litla fiskvinnslu í húsinu á lóð nr. 13-15 við Fossháls, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf. dags. 4. janúar 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.

13. **Kjalarnes, Varmadalur 1, skipting lands** Mál nr. SN210048
Skjalnr. 10167
Egill Sveinbjörn Egilsson, Varmadalur 1, 162
Lögð fram umsókn Egils Sveinbjarnar Egilssonar dags. 19. janúar 2021 um skiptingu landsins nr. 1 í Varmadal á Kjalarnesi, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Kvarða ehf. dags. 16. janúar 2021. Einnig er lagður fram uppdráttur, grunnmynd og snið, dags. 2. nóvember 2020.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

14. **Grettisgata 53A, (fsp) stækkun húss** (01.174.2) Mál nr. SN210045
Skjalnr. 5777
Guðmundur Gunnlaugsson, Naustabryggja 54-56, 110 Reykjavík
Hlynur Sæmundsson, Grettisgata 53A, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Gunnlaugssonar dags. 18. janúar 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 53A við Grettisgötu sem felst í að gera 15.5 m² úbyggingu við gaff hússins á lóð nr. 53A við Grettisgötu, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Archus slf. dags. 14. janúar 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

15. **Grettisgata 72, Stálsvalir suðurhlíð** (11.910.05) Mál nr. BN058697
Skjalnr. 9737
Porsteinn Lárusson, Barðastaðir 9, 112 Reykjavík
Steinunn Eiríksdóttir, Barðastaðir 9, 112 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir léttum stálsvölum á íbúð 0201 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 72 við Grettisgötu.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda áritað á uppdrátt. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
16. **Úlfarsbraut 112, málskot** (02.698.5) Mál nr. SN210056
Skjalnr. 12152
Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
Atli Bragason, Jónsgeisli 81, 113 Reykjavík
Lagt fram málskot Þórðar Steingrímssonar f.h. Atla Bragasonar dags. 21. janúar 2021 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 18. desember 2020 um breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr 112 við Úlfarsbraut sem felst í að gera tvær íbúðir á lóð í stað einbýlishús.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
17. **Úthlíð 15, (fsp) - Stækkun þakglugga** (12.701.14) Mál nr. BN058678
Skjalnr. 14395
Steindór Gunnar Steindórsson, Úthlíð 15, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. janúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. janúar 2021 þar sem spurt er hvort leyfi fengist til að stækka þakglugga sem opnast og verður að svölum á húsið á lóð nr. 15 við Úthlíð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. janúar 2021, samþykkt.
18. **Hringbraut 48, (fsp) kvistur** (01.162.3) Mál nr. SN200792
Skjalnr. 14388
Þorgeir Jónsson, Laugarnesvegur 96, 105 Reykjavík
Hringbraut 48, húsfélag, Hringbraut 48, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Þorgeirs Jónssonar dags. 22. desember 2020 um að setja kvist á húsið á lóð nr. 48 við Hringbraut, samkvæmt uppdr. Arkitektastofu Þorgeirs dags. 25. júlí 2020. Einnig er lögð fram þrívíddarmynd ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
19. **Hverfisgata 88, Niðurrif** (11.740.03) Mál nr. BN058629
Skjalnr. 13731
Hverfisgata 92 ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. desember 2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir niðurrifi á mhl. 02 hús nr. 90 á lóð nr. 88 við Hverfisgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.
Erindi fylgir umsögn verkfræðings dags. 13. nóvember 2020 og ljósmyndir.
Stærðir. 245 ferm. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. janúar 2021, samþykkt. Ekki eru gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað.

20. **Hverfisgata 90, (fsp) niðurrif húss** (01.174) Mál nr. SN200739
Skjalnr. 13731
Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. desember 2020 var lögð fram fyrirspurn Rauðsvíkur ehf. dags. 27. nóvember 2020 ásamt bréfi dags. 24. nóvember 2020 um niðurrif hússins nr. 90 á lóð nr. 88 við Hverfisgötu. Einnig er lagt fram ástandsmat verkfræðistofu Práins og Benedikts dags. 13. nóvember 2020. Jafnframt er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 16. desember 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. janúar 2021, samþykkt. Ekki eru gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað.
21. **Þórsgrata 5, Svalir - 0202** (11.811.14) Mál nr. BN058631
Skjalnr. 13420
Margrét Ann Thors, Þórsgrata 5, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. desember 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja svalir úr stáli og timbri á norðaustur hlið, íbúðar 0202, breyta glugga í hurð og setja nýja hurð á milli svala og stigagangs í íbúðarhúsi á lóð nr. 5 við Þórsgrötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.
Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021. Gera þarf breytingu á deiliskipulagi.
22. **Bergstaðastræti 50B, Endurnýjun glugga, svalir, tröppur, klæðning** (11.853.04) Mál nr. BN058583
Skjalnr. 14384
Kolbeinn Karl Kristinsson, Bergstaðastræti 50B, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að síkka tvö gluggaop og gera svalahurðir, gera svalir á norðurhlið, nýjar tröppur á suðurhlið, færa alla glugga í upprunalegt horf og klæða með timbri, íbúðarhús á lóð nr. 50B við Bergstaðastræti.
Stækkun: 44.8 ferm., 91,2 rúmm. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 26. október 2020, umsögn Minjastofnunar dags. 15. desember 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. desember 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. desember 2020. Gjald kr. 11.200
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Baldursgötu 4, 6 og 6A, Bergstaðastræti 48, 48A, 50, 50A, 52 og 52A og Laufásvegi 41, 41A, 43, 45, 45B, 45C og 47.
Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.
23. **Jakasel 15-23, (fsp) nr. 23 - stækkun húss** (04.994.2) Mál nr. SN210020
Skjalnr. 14398
Björn Ragnarsson, Jakasel 23, 109 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Björns Ragnarssonar dags. 10. janúar 2021 um stækkun hússins nr. 23 á lóð nr. 15-23 við Jakasel sem felst í að byggja hæð ofan á bílskúr og stækka þannig íbúðarhluta hússins, samkvæmt skissu ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

24. **Krummahólar 13-29, (fsp) nr. 19 - sólstofa** Mál nr. SN210040
Skjalnr. 12396
Bára Skæringsdóttir, Krummahólar 19, 111 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Báru Skæringsdóttur dags. 15. janúar 2021 um að setja 15-18 m2 sólstofu við húsið nr. 19 á lóð nr. 13-29 við Krummahóla.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
25. **Langholtsvegur 170, (fsp) breyting á þaki hússins** (01.441.3) Mál nr. SN210021
Skjalnr. 14345
Guðrún Júlía Þórðardóttir, Langholtsvegur 170, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. janúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Guðrúnar Júlíu Þórðardóttur dags. 8. janúar 2021 um breytingu á þaki hússins á lóð nr. 170 við Langholtsveg, samkvæmt uppdr. GÁ-hönnunar dags. 8. janúar 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.
26. **Viðarás 33-33A, (fsp) breyting á notkun bílskúrs** (04.387.4) Mál nr. SN200760
Skjalnr. 14380
Guðmundur Arnar Guðmundsson, Baldursgata 11, 101 Reykjavík
Hulda Jónsdóttir, Vínatræti 10, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. desember 2020 var lögð fram fyrirspurn Guðmundar Arnars Guðmundssonar dags. 1. desember 2020 um að breyta notkun bílskúrs nr. 33A á lóð nr. 33-33A við Viðarás í skrifstofu og vinnu stúdíó og setja hurð og glugga í stað bílskúrshurðar, samkvæmt uppdr. Huldu Jónsdóttur arkitekta dags. 23. nóvember 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. janúar 2021, samþykkt.
27. **Grenimelur 10, (fsp) nýjar svalir og stækkun núv. svala** (01.541.3) Mál nr. SN190649
Skjalnr. 14196
THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. júlí 2020 var lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 24. október 2019 ásamt greinargerð dags. 24. október 2019 um að stækka núverandi svalir hússins á lóðinni nr. 10 við Grenimel og byggja nýjar svalir á 1. hæð hússins. Fyrirspurninni var frestað, fyrirspyrjandi hafi samband við embættið, og er nú lagt fram að nýju.
Málið fellt niður þar sem engin viðbrögð hafa orðið við þeirri beiðni embættisins um að fyrirspyrjandi hafi samband.
28. **Skógarhlíð 22, Breyta í íbúðir** (17.058.02) Mál nr. BN058225
Skjalnr. 7116
Fjölhæfni ehf., Ránarvöllum 12, 230 Keflavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta 4 íbúðir, endurbyggja tröppur á norðausturhlíð, og setja opnanlega glugga og svalir á á 2. hæð Þóroddsstaða, iðnaðar- og sambýlishúss á lóð nr. 22 við Skógarhlíð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.
Erindi fylgir greinargerð frá hönnuði dags. 26. nóvember 2020 umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur, vegna breytinga á deiliskipulagi, dags. 28. mars 2017, bréf frá hönnuði dags. 26. nóvember 2020 og tölvupóstur Minjastofnunar dags. 10. nóvember 2020. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.

29. **Bústaðavegur 7, (fsp) kælifraftur og hljóðveggur** (01.738.1) Mál nr. SN200794
Skjalnr. 7045
Veðurstofa Íslands, Bústaðavegi 9, 103 Reykjavík
Jóhann Friðriksson, Tangabryggja 15, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Veðurstofu Íslands dags. 10. desember 2020 um að setja kælifraft og hljóðvegg á lóð nr. 7 við Bústaðaveg, samkvæmt uppdr./skissu Arkís arkitekta ehf. dags. 17. mars 2015.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
30. **Kvosin, Landsímareitur, breyting á deiliskipulagi** (01.140.4) Mál nr. SN200671
Skjalnr. 8321
THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Lindarvatn ehf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 28. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, Landsímareits. Í breytingunni felst að heimildum fyrir gerð kjallara og nýtingu efri hæða aðlægt Vallarstræti er breytt að hluta til, einnig er bætt við byggingareit fyrir sólstofu á 5. hæð samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 20. október 2020. Tillagan var auglýst frá 2. desember 2020 til og með 18. janúar 2021. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
31. **Laugavegur 105, (fsp) 36. íbúðir á 3., 4. og 5. hæð hússins** (01.240.0) Mál nr. SN210006
Skjalnr. 10620
Gunnlaugur Jónasson, Hrauntunga 85, 200 Kópavogur
Hostel LV 105 ehf., Laugavegi 105, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Gunnlaugs Jónassonar dags. 5. janúar 2021 ásamt bréfi dags. 5. janúar 2021 um að gera allt að 36 íbúðir á 3., 4. og 5. hæð hússins á lóð nr. 105 við Laugaveg, samkvæmt uppdráttum TEIKNING.IS dags. 30. nóvember 2020 og 5. janúar 2021. Einnig er lögð fram ljósmynd. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021 samþykkt.
32. **Lágmúli 2 - C40, nýtt deiliskipulag** (01.260.6) Mál nr. SN210057
Skjalnr. 12793
Torfi Hjartarson, Lynghagi 3, 107 Reykjavík
Reginn hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Lögð fram umsókn Torfa Hjartarsonar dags. 21. janúar 2021 um nýtt deiliskipulag fyrir lóðina nr. 2 við Lágmúla. Í tillögunni felst að afmörkuð eru ný lóðarmörk með byggingarrétti fyrir uppbyggingu á umhverfisvænu húsnæði. Einnig er lögð fram tillaga Basalt arkitekta, Eflu, Reginn og Landmótunar dags. 20. janúar 2021.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
33. **Silfratjörn 26, Breytt BN056152 v/ lokaúttektar** (50.524.01) Mál nr. BN058570
Skjalnr. 14072
Stéttafélagið ehf., Breiðhelli 12, 221 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN056152 vegna lokaúttektar, sem felst meðal annars í því að byggingarlýsing hefur verið uppfærð, innra skipulagi, útliti og efnisvali stigahandriðs er breytt ásamt breytingum á lóðafrágangi við raðhús nr. 26-32 á lóð nr. 26 við Silfratjörn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 9. desember 2020 og yfirlit breytinga á afriti af samþykktum uppdráttum. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021 samþykkt.

34. **Síðumúli 6, (fsp) breyting/stækkun húss** (01.292.3) Mál nr. SN210001
Skjalnr. 14390
Köttluness ehf., Safamýri 47, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Köttluness ehf. dags. 31. desember 2020 um breytingu/stækkun hússins á lóð nr. 6 við Síðumúla, samkvæmt uppdr. Batterísins Arkitekta ehf. dags. 7. febrúar 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021 samþykkt.
35. **Sogavegur 130, Breyta bílskúr í svefnherbergi** (18.300.10) Mál nr. BN058713
Skjalnr. 5198
Sverrir Scheving Thorsteinsson, Sogavegur 130A, 108 Reykjavík
Rannveig Þorvaldsdóttir, Sogavegur 130A, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá byggingarfulltrúa þar sem sótt er um leyfi til að breyta bílskúr í herbergi, setja glugga á austurvegg og opna milli herbergis og íbúðar.
(Gjald kr. 12.100)
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
36. **Tangabryggja 5, Djúpgámar (mhl. 08-09).** (40.225.01) Mál nr. BN058692
Skjalnr. 14399
Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að setja tvær djúpgámastöðvar, mhl.08 og mhl.09 á lóð nr. 5 við Tangabryggju.
Erindi fylgir hæðablað fyrir Bryggjuhverfi vestur útgáfa B dags. 23. október 2020. Stærðir: Mhl.08: 22.1 ferm., 71.9 rúmm. Mhl.09: 22.1 ferm., 71.9 rúmm. Gjald: 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
37. **Urðarbrunnur 80, Nýbygging** (50.543.01) Mál nr. BN058574
Skjalnr. 14394
Steinn Jóhann Randversson, Marteinslaug 14, 113 Reykjavík
Helga Kristín Hermannsdóttir, Marteinslaug 14, 113 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tveggja hæða einbýlishús, einangrað og klætt að utan, með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 80 við Urðarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.
Stærð: A-rými: 259,5 ferm., 968,8 rúmm. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.
38. **Rökkvatjörn 10, 10 -14 - Raðhús** (50.523.01) Mál nr. BN058655
Skjalnr. 14343
Ólafur Sölvi Eiríksson, Prastarhöfði 32, 270 Mosfellsbær
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja þriggja íbúða raðhús á tveimur hæðum og innbyggðum bílgeymslum, hús nr. 10, mhl.01, nr. 12, mhl.02 og nr. 14 á lóð nr. 10 við Rökkvatjörn. Stærðir: Heildarbyggingarmagn: 631,7 ferm., 1037.0 rúmm. Mhl.01: 210.6 ferm., 651,1 rúmm. Mhl.02: 210.6 ferm., 651,1 rúmm. Mhl.03: 210.5 ferm., 650,7 rúmm. Erindi fylgir mæliblað 5.052.3 dags. 18. desember 2020, og hæðablað 5.052.3, útgáfa 2 dags. 4. janúar 2021. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

39. **Vitastígur 16, (fsp) stækkun húss** (01.190) Mál nr. SN210036
Skjalnr. 13703
- Teiknistofan Óðinstorgi HH ehf, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
Klittur ehf., Akraseli 18, 109 Reykjavík
- Lögð fram fyrirspurn Teiknistofunnar Óðinstorgi HH ehf. dags. 14. janúar 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 16 við Vitastíg sem felst í byggingu bíslags við gafl hússins, samkvæmt uppd. Teiknistofunnar Óðinstorgi HH ehf. dags. 7. apríl 2020 síðast br. 14. janúar 2021. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 9. desember 2020.
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

40. **Landsskipulagsstefna, tillaga að viðauka -** Mál nr. SN200705
ósk um umsögn Skjalnr. 10278
- Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. nóvember 2020 var lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags. 13. nóvember 2020 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu, dags. í nóvember 2020, að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem auglýst er til kynningar ásamt umhverfismati í samræmi við lög nr. 123/2010 og 105/2006 og reglugerð nr. 1001/2011. Breytingin felst í því að efni kafla 6.3 Nýting vindorku í sátt við umhverfi og samfélag hefur að svo stöddu verið fellt brott, ásamt samsvarandi umfjöllun í umhverfismati. Það er gert vegna áforma um breytingar á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun) sem eru í vinnslu í umhverfis- og auðlindaráðuneyti, sem haft geta áhrif á efni og útfærslu þessa kafla. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 8. janúar 2021. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 15. janúar 2021.
- Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. janúar 2021, samþykkt.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:38.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir